



16. stjórnarfundur LH - símafundur

10. janúar 2020 kl. 18:00

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Þórdís Arnardóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Formaður setur fund

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 14. og 15. fundar samþykkt.

3. Íslandsmót barna og unglunga 2020- dagsetning – erindi frá U21 landsliðsþjálfara

Landsliðsþjálfari U21 biður um að Íslandsmót barna og unglunga sem fyrirhugað er að halda í lok júlí hjá Sleipni verði fært fram í júní vegna nálægðar við Norðurlandamót. Sleipnir hefur lýst yfir vilja til að halda mótið dagana 19. til 21. júní.

Afgreiðsla: Dagsetning verður ákveðin í samráði við mótshaldara.

4. Endurbætur á innanstokksmunum skrifstofu LH

Framkvæmdastjóri biður um leyfi til kaupa á innanstokksmunum fyrir skrifstofuna að fjárhæð 400.000 kr.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Ungmennaflokkur Meistaradeildar Æskunnar – erindi frá Páli Braga Hólmarssyni

Farið er fram á að stjórn LH hlutist til um aldursflokka í Meistaradeild æskunnar og að LH hafi afskipti af fyrirkomulagi í barna/unglinga/ungmennadeildum.

Afgreiðsla: Stjórn þakkar góðar ábendingar. Keppnisdeildirnar eru framtak áhugasamra einstaklinga og eru þegar komnar af stað, ábendingunum verður komið á framfæri.

6. FEIF-þing – framboð til Sportnefndar FEIF

Hulda Gústafsdóttir og Olil Amble bjóða sig fram til sportnefndar FEIF.

Afgreiðsla: Hulda og Olil hafa fullan stuðning stjórnar í framboð til sportnefndar FEIF.



7. FEIF-þing – skipulag á vegum LH

Formaður greindi frá skipulagi á vegum LH fyrir fimmtudags- og á föstudagskvöld.

Afgreiðsla: Málið kynnt.

8. Fundur Sprettara og LM ehf.

LM ehf. fundaði með nýrri stjórn Sprettis 13. des. sl. Stefnt er að undirritun samninga um LM2022 þann 6. febrúar á opnunarkvöldi Áhugamannadeildarinnar.

Afgreiðsla: Málið kynnt.

9. Gjaldskrá Sportfengs varðandi námskeiðahald – erindi frá Hestamannafélaginu Geysi
Gjaldskrá í Sportfeng af námskeiðahaldi er 2% af hverri skráningu. Geysir treystir sér ekki halda áfram að nota Sportfeng til að halda utan um skráningar á námskeið nema gjaldskráin verði endurskoðuð.

Afgreiðsla: Stjórn beinir því til tölvunefndar að gjaldtaka fyrir námskeiðahald verði endurskoðuð og að stuðst verði við fasta tölu.

10. Dagsetning fyrir nefndakvöld.

Vegna veðurs þurfti að fresta nefndakvöldi sem boðað var þann 10. janúar. Lagt er til að nefndakvöld verði haldið fimmtudaginn 23. janúar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Ólafur Þórisson vikur af fundi.

11. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2020

Stjórn hefur leitað umsagnar keppnisnefndar um tilhögun Íslandsmóts. Stjórn skipaði vinnuhóp til að ganga til samninga við Hestamannafélagið Geysi. Vinnuhópurinn leggur til Íslandsmót verði haldið dagana 12. til 16. ágúst á Rangárbökkum. Einnig er lagt til að skipaður verði vinnuhópur með það hlutverk að koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag Íslandsmóta sem lagðar verði fyrir landsþing haustið 2020. Í hópnum verði tveir úr stjórn, tveir úr keppnisnefnd og einn úr landsliðsnefnd.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela Hestamannafélaginu Geysi að halda Íslandsmótið 12. til 16. ágúst. Samþykkt að skipa vinnuhóp eins og lagt er til.

Fundi slitið um kl. 18.55